

Tillaga fulltrúa íbúaráðs Breiðholts dags. 31. ágúst 2022 í íbúaráði Breiðholts um að kanna möguleika á stofnun frístundaheimils í húsnæði ÍR í S-Mjódd MSS22080251

Lagt er til að skóla- og frístundasviði verði falið að til að kanna hvort ný aðstaða ÍR í Suður-Mjódd geti nýst undir frístundaheimili barna búsett í Breiðholti og rekið af Miðbergi. Horft verði til farsæls samstarfs ÍR og Miðbergs við rekstur frístundaheimilis í Austurbergi undanfarin ár.

Greinargerð:

Íbúaráðið telur mikilvægt að horft verði til áframhaldandi samstarfs við ÍR í Suður-Mjódd, meðal annars til að samþætta vinnudag barna í Breiðholti og nýta þá innviði sem fyrir hendi eru í anda Græna plansins. Kallar íbúaráðið eftir þarfagreiningu og kostnaðarmati sem fyrst, þar sem komið verði inn á hvort núverandi aðstaða í ÍR geti nýst, óbreytt eða hvort þurfi að fara í framkvæmdir til að aðlaga húsnæðið og hvað slíkar breytingar myndu kosta. Mikilvægt er að skóla- og frístundarsvið og íþrótt- og tómstundasvið bregðist hratt við og skoðaðir verði möguleikar á því að setja upp frístundaheimili í húsnæði ÍR í Suður-Mjódd sem muni þjónusta börn og foreldra í Breiðholti í anda þess sem gert var í Austurbergi.

Skipulagt íþrótt- og tómstundastarf fyrir börn og ungmenni er miklu stærra og meira en bara íþróttin eða tómstundin ein og sér. Með því að taka þátt opnast lykill að svo mörgum öðrum mikilvægum dyrum er skipta börn og ungmenni máli. Þátttaka er góð leið fyrir alla til að tilheyra samfélaginu en sérstaklega fyrir börn af erlendum uppruna og foreldra þeirra. Þátttakan styrkir samskipti, ýtir undir félagsleg tengsl milli ólíkra hópa og aldurs, skapar festu í hversdagsleika og dýrmæt vinátta verður til. Við viljum öll tilheyra hópi, vera virkir þátttakendur í samfélaginu okkar og vaxa í umhverfi sem okkur líður vel.

Mikið og fjölbreytt frístundastarf er innt er af hendi í hverfinu, ráðist hefur verið í mörg verkefni til að auka þátttöku og virkni, nokkur fjölgun barna er í hverfinu samhliða mikilli uppbygginu íþróttamannvirkja. Vinna hefur átt sér stað við að kortleggja húsnæði frístundastarfsins í Breiðholti m.a. í ljósi þessarar fjölgunar og mikilvægt er að leita leiða til að létta á frístundaheimilum sem búa við þröngan húsnæðiskost.

Í mörg ár hafa ÍR og Miðberg átt farsælt samstarf um frístundastarf og frístundarrútu í Austurbergi fyrir börn í hverfinu frá 1. til 4. bekk. Um er að ræða umfangsmikið starf sem Miðberg hefur sinnt í Austurbergi sem nú hefur lagst af eftir ÍR flutti starfsemi sína niður í Suður-Mjódd. Þörfin er enn til staðar og mikilvægt að finna þessari starfsemi annað húsnæði.